

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 221/2024

2024/EES/92/40

frá 23. september 2024

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti
kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1152 frá 20. júní 2019 um gagnsæ og fyrirsjáanleg vinnuskilyrði í Evrópusambandinu ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun (ESB) 2019/1152 fellir úr gildi, frá og með 1. ágúst 2022, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/533/EBE ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 1. ágúst 2022.
- 3) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 25. liðar (tilskipun ráðsins 91/533/EBE) í XVIII. viðauka við EES-samninginn frá og með 1. ágúst 2022:

„**32019 L 1152**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1152 frá 20. júní 2019 um gagnsæ og fyrirsjáanleg vinnuskilyrði í Evrópusambandinu (Stjtið. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 105).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. mgr. 1. gr. er orðunum „og EFTA-dómstólsins, í samræmi við EES-samninginn“ bætt við á eftir orðinu „Dómstólsins“.

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2019/1152, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 186, 11.7.2019, p. 105.⁽²⁾ Stjtið. EB L 288, 18.10.1991, bls. 32.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður